

Tilgangur

Stefnan lýsir áherslum Sjóvá samstæðunnar á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar. Markmið stefnunnar er að stuðla að samþættingu sjálfbærni og samfélagsábyrgðar í starfseminni, að starfsemin uppfylli kröfur sem til hennar eru gerðar og að Sjóvá sé í fararbroddi á þessu sviði.

Umfang

Stefnan nær til allrar starfsemi samstæðunnar, stjórnna, starfsfólks og annarra sem starfa í þágu hennar.

Stefna

Hlutverk Sjóvár er að tryggja verðmætin í lífi fólks.

Við hjá Sjóvá viljum starfa í sátt við samfélag og umhverfi. Með því að samþætta sjálfbærni og samfélagslega ábyrga starfsemi stuðlum við að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélag, viðskiptavinum, starfsfólk og hluthafa.

Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum starfseinnar með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda.

Sjóvá leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja að þjónustan sé aðgengileg og í takt við þarfir og vilja viðskiptavina. Starfsánægja er mikilvæg forsenda ánægðra viðskiptavina. Sjóvá vill með góðum starfsaðstæðum tryggja að vera ávallt samkeppnishæf og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Sjóvá hefur um árabil unnið markvisst að jafnréttismálum og lagt áherslu á að vera í fararbroddi í málaflokknum. Stefna í jafnréttismálum byggir á mannréttindastefnu sem miðar að því að tryggja jöfn laun og tækifæri starfsfólks og fjölbreytileika í samsetningu stjórnar, stjórnenda og starfsfólks. Sjóvá hefur í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum.

Sjóvá fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Leitast er við að stjórnarhættir séu í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og þær kröfur sem gerðar eru til félaga í samstæðunni sem eru eftirlitsskyldir aðilar og skráð í kauphöll. Sjóvá hefur skýra stefnu um að vinna gegn hvers konar spillingu, glæpsamlegri starfsemi og peningaþvætti í öllum viðskiptum.

Hagsældaráherslur Sjóvár snúa að hlutverki Sjóvár sem þjónustufyrirtækis í fremstu röð og trausts vinnuveitanda með heilbrigðan rekstur. Nýsköpun og sífelld þróun vöru og þjónustu stuðla að hagsæld og árangri. Sjóvá styður við samfélagið og félagslega grósku með forvarnastarfi, styrkjum og markvissu samstarfi.

Leiðir

Vegvísar Sjóvár byggja undir áreiðanleika og gagnsæi starfseminnar. Þeir eru; verum á undan, höfum það einfalt, segjum það eins og það er, verum til staðar. Starfsfólki er skylt að fylgja útgefnum siðareglum samstæðunnar sem eru grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði í viðskiptum.

Settar hafa verið fram áherslur og metnaðarfull markmið um ánægju starfsfólks, ánægju viðskiptavina, þróun stafrænnar þjónustu og samþættingu hennar við persónulega ráðgjöf, sem og samfélagslega ábyrgð.

Áherslur Sjóvár í sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð taka einnig mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og vinnum við stöðugt að því að auka samþættingu þeirra markmiða við starfsemina. Við leggjum áherslu á eftirfarandi fimm markmið sem tengjast eðli rekstrarins; 3 - Heilsa og vellíðan, 5 - Jafnrétti kynjanna, 8 - Góð atvinna og hagvöxtur, 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla og 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum.

Settir hafa verið fram lykilmælikvarðar sem til viðbótar við aðra rekstrarmælikvarða styðja við árangur á sviði stefnunnar. Árlega er árangur á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar árs mældur og birtur.

Tengd skjöl

[VL-Lykilmælikvarðar](#)